

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

Tillaga að:

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Múlaþing
kt. 660220-1350

Starfsstöð: Á norðurenda flugbrautar á Borgarfirði eystri

Leyfið gildir frá xx. desember 2021 til 31. desember 2025

Um er að ræða starfsleyfi fyrir :

- Áramótabrennum á Borgarfirði á gamlársdag/kvöld árin 2021-2025, að báðum árum meðtöldum. Miðað er við að kveikt sé í brennu fyrir kl. 21⁰⁰

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum fyrir brennur og sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 4 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Xxxxx Xxxxx
heilbrigðisfulltrúi

FYLGISKJAL I

Starfsleyfis skilyrði fyrir brennur

(Almenn starfsleyfis skilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b. gilda einnig um starfsemina)

1. 1. Gildis- og ábyrgðarsvið:

- 1.1 Leyfið tekur til brennu, á ákveðnum stað og á tilteknum tíma og degi með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykki og neðangreindum skilyrðum:
- 1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.

2. 2. Skilyrði

- 2.1 Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögreglu yfirvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.
- 2.2 Veitt er leyfi fyrir stórrri eða lítilli brennu enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra. “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”
- 2.3 Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olúfélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.
- 2.5 Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 2.6 Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmiefni (s.s. plastkassar, fiskkör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 2.7 Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra frá 7. desember 2000.
- 2.8 Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
- 2.9 Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar ár hvert.
- 2.10 Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.